



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA



# Gróðurathugun vegna Dýrafjarðarganga

Unnið fyrir Vegagerðina

Anton Helgason  
Hafdís Sturlaugsdóttir

Júní 2008  
NV nr. 06-08

---

Náttúrustofa Vestfjarða  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík

Sími: 4567005  
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209  
Netfang: nave@nave.is  
Heimasíða: <http://www.nave.is>

## Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Inngangur.....	4
Aðferðir.....	4
Gagnasöfnun.....	5
Gróðurlendi.....	7
Tegundir.....	10
Umræður.....	10
Heimildir.....	11

## Töflur

Tafla 1. Skýringar með mynd 5, 6, 7 og 8 (Gróðurlendalykill NÍ).....	12
Tafla 2. Listi yfir tegundir sem fundust við gróðurathugun í júlí 2007.....	13

## Samantekt

Vegna fyrirhugaðrar jarðgangagerðar milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar var gróður skoðaður á vegstæðum og áhrifasvæði gangagerðar.

Gróður var skoðaður í Dýrafirði 2. júlí 2007 og í Borgarfirði 5. júlí 2007. Tegundir í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar voru bornar saman við válista plantna. Gengið var um svæðin og tegundagreint. Gróðurfari var lýst og teiknað inn á kort.


Vegur að jarðgöngum Dýrafjarðarmegin fylgir veglínu núverandi vegar sem liggur að botni Dýrafjarðar. Veglínan inn Drangahlíð liggur aðeins neðan við núverandi veglínu nær sjávarbakkanum. Gangamuninn kemur út við Bæjarhvilft við Dranga. Við gangamunnann er að finna skriðurunnar lyngbrekkur með bláberjalyngi og aðalbláberjalyngi fyrir ofan veg. Fyrir neðan veg er graslendi með vallarsveifgrasi, bugðupunti og ilmrey. Smá votlendi má finna, með klófífu og mýrarstör. Í kringum Kjaransstaði er fjölbreyttari gróður. Þar er graslendi með bugðupunt, ilmrey og hærum og melar með mosa og krækilyngi. Einnig er þar að finna gömul tún með túnvingli. Þar sem er blautara er klófífa, starir, gulstör og mýrarstör. Einnig eru tún með túnvingul, ljónslappa og súrum. Fjær Kjaransstöðum er graslendi með mosa, vallarsveifgrasi og hærum. Fyrir ofan veg eru lyngbrekkur með aðalbláberjalyngi og bláberjalyngi. Á milli Dýrafjarðarbrúar og Kjaranstaða eru melar og gömul tún. Þar er skriðurunninn melur með bugðupunkti. Á melnum er lúpína í kringum grafreit og eitt grenitré.

Arnarfjarðarmegin kemur gangamunninn út stutt frá eyðibýlinu Rauðsstöðum þar sem eru skriðurunnar þurrar brekkur með bugðupunkti og berjalyngi. Grasbalar eru inn á milli. Nýr vegur fylgir núverandi veglínu að Hofsa. Reynt hefur verið að ræsta fram hallamýri í hlíðinni við Rauðsstaði, annaðhvort sem beitiland eða tún. Framræstu stykkinn eru með vallarsveifgrasi, túnsúrum, reyrgresi og túnvingli. Tvö áborin tún eru með vallarfoxgrasi, túnsúru og mýrarstör. Meðfram veginum er klófífa og starir, tjarnarstör eru í skurði meðfram vegi og reyrgresi fyrir neðan veg. Við Hofsa eru móar og melar með fjalldrapa, bugðupunti og bláberjalyngi. Einnig er votlendi með mógrafarbrúsa, mýrarstörum og klófífu. Mýrarflói afmarkast af núverandi vegi og vegi sem lagður hefur verið við háspennulínuna frá Mjólka, þar finnst klófífa, tjarnarstör og mýraskúfur. Melar og holt eru með blóðbergi, geldingahnappi, krækilyngi, stinnastörum og grámosa. Við Mjólka eru ábornir melar með hærum, krækilyngi, þursaskeggi og blásveifgrasi. Þar er einnig votlendi með klófífu, mýrarstörum, fjalldrapa og bláberjalyng en í fjörunni er tágamura og túnsúra. Tún eru óáborin og eru þar túnvingull, hrossanál og hærum. Túnvingull og snarrót eru í túni með mörkuðum golfholum.

Alls fundust 138 tegundir háplantna en engar sjaldgæfar tegundir né tegundir af válista. Sjaldgæf eða heilstæð gróðurlendi er ekki að finna.

## Inngangur

Gróður var skoðaður fyrir Vegagerðina á fyrirhuguðum vegstæðum að gangamunnum Dýrafjarðarganga frá Dýrafirði til Arnarfjarðar (mynd 1). Veglínur voru gengnar og gróður kannaður, tegundir skráðar í 1x1 km reiti. Í þessari skýrslu er gróðri lýst, gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og algengustu tegundum. Einnig er gerð grein fyrir hvort gróðurlendi telst sérstaklega verðmætt eða sérstakt eða hvort sjaldgæfar plöntur hafi fundist á athugunarsvæðunum. Skýrslan byggir á vettvangsathugunum 2. og 5. júlí 2007.



Mynd 1. Veglína, fengin frá Vegagerðinni.

## Aðferðir

Athugunarsvæðin voru gengin og skráðar niður tegundir háplantna sem fundust í 1x1 km reitum. Skrá yfir þær plöntur sem fundust er birt í töflu 2 aftast í skýrslunni. Athugunarsvæðin sem gengin voru Dýrafjarðarmegin náðu frá Dröngum að Kjaransstöðum. Arnarfjarðarmegin var gengið frá Mjólka að Rauðsstöðum. Þau svæði sem gengin voru, voru flokkuð í gróðurlendi eftir gróðurflokkunarlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands 1997). Gróðurlendur voru afmarkaðar á myndkortum frá Loftmyndum ehf (Loftmyndir ehf.). Tegundalistar yfir athugunarsvæðin voru kannaðir (Náttúrufræðistofnun Íslands 2007) og tegundir sem fundust á svæðinu bornar saman við tillögur Náttúrufræðistofnunar um tegundir á verndaráætlun. (Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Óttósson 2002). Við gróðurgreiningar var stuðst við Plöntuhandbókina (Hörður Kristinsson 1986).



## Gagnasöfnun

Drangar – Kjaransstaðir.

2.07 2007

Gróðurkönnun var gerð í þurru og sólríku veðri. Gengið var upp hlíðina að ætluðum gangamunna, síðan var gengið fyrir neðan núverandi veg í átt að Kjaransstöðum. Vegur að jarðgöngum Dýrafjarðarmegin fylgir núverandi veglínu vegar sem liggur að botni Dýrafjarðar. Veglínan inn Drangahlíð liggur aðeins neðan við núverandi veglínu nær sjávarbakkanum. Gangamunninn kemur síðan við Bæjarhvilft við Dranga. Við gangamunnann er að finna skriðurunnar lyngbrekkur með bláberjalyngi og aðalbláberjalyngi fyrir ofan veg. Fyrir neðan veg er graslendi með vallarsveifgrasi, bugðupunti og ilmrey (mynd 2). Einnig er þar smá votlendi með klófífu og mýrarstör (mynd 5). Í kringum Kjaransstaði er fjölbreyttari gróður. Þar er graslendi með bugðupunti, ilmrey og hærur og melar með mosa og krækilyngi. Einnig eru þar gömul tún með túnvingli. Þar sem er blautara í graslendinu er klófífa og starir þ.e. gulstör og mýrarstör. Einnig eru þarna tún með túnvingli, ljónslappa og súrum ásamt graslendi með mosa, vallarsveifgrasi og hærur. Lyngbrekkur eru með aðalbláberjalyngi og bláberjalyngi. Frá Kjaransstöðum til Dýrafjarðarbrúar eru melar og gömul tún með melagróðri á milli. Þar er einnig skriðurunninn melur með bugðupunkti. Lúpína er í kringum grafreit og þar er eitt grenitré (mynd 6).



Mynd 2. Séð út Drangahlíð

## Mjólká – Rauðsstaðir

5. 07 2007

Gróðurkönnun var gerð í þurru og sólríku veðri. Gengið var frá Mjólká og yfir að Rauðsstöðum upp að ætluðum gangamunna. Arnarfjarðarmegin kemur gangnamunninn út stutt frá eyðibýlinu Rauðsstöðum, þar sem eru skriðurunnar þurrar brekkur með bugðupunti og lyngi. Landið er töluvert blautt en mest áberandi er lyngmói. með bugðupunti, bláberjalyngi, aðalbláberjalyngi, krækilyngi og fjalldrapa. Neðar er mýrlendi með bugðupunti, bláberjalyngi, aðalbláberjalyngi, krækilyngi og fjalldrapa. Graslendi eru þar inn á milli. Nýr vegur fylgir núverandi veglínu að Hofsá. Hallamýri er í hlíðinni við Rauðsstaði sem hefur verið ræst fram að hluta og þar er bæði beutiland og tún. Í framræstu stykkjunum er vallarsveifgras, túnsúru, reyrgresi og túnvingull. Tvö áborin tún eru með vallarfoxgrasi, túnsúru og mýrarstör. Meðfram veginum eru klófífa og starir, tjarnarstör eru í skurði og reyrgresi fyrir neðan veg. Við Hofsá eru móar og melar með fjalldrapa, bugðupunti og bláberjalyngi (mynd 7).



Mynd 3. Mógrafarbrúsi í blóma í Borgarfirði.

Borgar megin Hofsár er votlendi með mógrafarbrúsa (mynd 3), mýrarstör og klófífu. Mýrarflói afmarkast af núverandi vegi og vegi sem lagður hefur verið við háspennulínuna frá Mjólká, þar er að finna klófífu, tjarnarstör og mýraskúf (mynd 4). Einnig eru melar og holt með blóðbergi, geldingahnappi, krækilyngi, stinnastör og grámosa. Við Mjólká eru ábornir melar með hærum, krækilyngi, þursaskeggi og blásveifgrasi. Í votlendinu er klófífa, mýrarstör, fjalldrapi og bláberjalyngi en í fjörunni er tágamura og túnsúra. Þau tún sem eru óáborin, eru með túnvingli, hrossanál og hærum. Eins eru tún með túnvingli og snarrót (mynd 8).





Mynd 4. Mýrarflói fyrir ofan veg í Borgarfirði

## Gróðurlendi

Við flokkun á gróðri var stuðst við flokkunarkerfi Náttúrufræðistofnunar frá því í júlí 1997. Gróðurlendi voru afmörkuð á loftmyndum (Loftmyndir ehf).



Mynd 5. Drangahlíð. Flokkunarkerfi Náttúrufræðistofnunar. Skýringar sjá töflu 1.


Fyrir ofan veg eru skriðurunnar lyngbrekkur (B1). Fyrir neðan veg er graslendi með vallarsveifgrasi, bugðupunti og ilmrey (H3 og H1). Smá votlendi má finna með klóffu, mýrarstörom (U4) og hálfdeigju (T5).



Mynd 6. Kjaransstaðir. Skýringar sjá töflu 1.

Graslendi með bugðupunti, ilmrey og hærum (H3). Melar með mosa og krækilyngi (B1). Gömul tún með túnvingli (R2). Þar sem er blautara eru klóffá og starir (gulstör, mýrarstör) (H1/T5), túnvingull, ljónslappi og súrur. Graslandi er með mosa (A5), vallarsveifgrasi og hærum. Berjalýngsbrekkur með aðalbláber og bláber (B1). Malargryfja (me). Dýrafjarðarbrú – Kjaransstaðir: Melar og gömul tún (R2/R3) þar er melagróður á milli og skriðurunninn melur með bugðupunkti (H3). Lúpína er í kringum grafreit og eitt grenitré (L3).





Mynd 7. Rauðsstaðir. Skýringar sjá töflu 1.

Í skurði meðfram vegi (V1) er reyrgresi fyrir neðan veg. Við Hofsá eru móar og melar (me) með fjalldrapa, bugðupunti og bláberjalyngi (H3).



Mynd 8. Mjólka – Borg. Skýringar sjá töflu 1. Mýrarflói (U4/V2) er með tjarnarstör og tjarnir með mógrafarbrúsa Vegurinn fer yfir óáborið tún (R2) sem aðalega er túnvingull og snarrót

## Tegundir

Tegundafjölbreytni er talsvert mikil á athugunarsvæðinu. Á þeim leiðum sem gengnar voru fundust 138 plöntutegundir. Í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru plöntur skráðar í 10x10 km reiti. Dýrafjörður er í reit 3039 og þar eru skráðar 149 plöntutegundir. Borgarfjörður er í reit 3340 og þar eru skráðar 130 plöntutegundir. Við gróðurathuganir fundust ekki sjaldgæfar plöntur eða plöntur sem þarfnast sérstakrar verndar. Tegundalistar eru skráðir í töflu 2.

## Umræður

Svæðin sem til skoðunar eru í þessari athugun eru nokkuð fjölbreytt, hvað varðar gróðurlendi og tegundir. Ekki er um sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi að ræða. Engar alfríðaðar tegundir fundust á svæðinu í 10x10 km reitum sem Náttúrufræðistofnun skráir í. Hluti þeirra svæða sem kannaður var, er nýttur eða hefur verið nýttur vegna búskapar. Votlendi í Borgarfirði fer ekki undir veg. Vegur frá gangamunnum fylgir að mestu þeim veglínnum sem fyrir eru og hefur því ekki teljandi áhrif.

## Heimildir

**Hörður Kristinsson** 1986 Íslenska plöntuhandbókin 2. útgáfa Mál og Menning Reykjavík.

**Loftmyndir ehf.** Myndkort af athugunarsvæði. Myndkort fengin hjá Vegagerðinni.

**Náttúrufræðistofnun Íslands 2007** Gagnagrunnur um útbreiðslu plöntutegunda <http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/> skoðað 30.06 2007.

**Náttúrufræðistofnun Íslands**, óbirt Gróðurflokkunarlykill frá 1997.

**Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Óttósson** 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-02016. Reykjavík 2002.



**Tafla 1. Skýringar með mynd 5, 6, 7 og 8 (Gróðurlendalykill NÍ).****Gróðurlendi**

## Mosagróður

A2 Mosi með stinnastör

A3 Mosi með stinnastör og smárunnum

A5 Mosi með grösum

## Lyngmói

B1 Krækilyng – fjalldrapi – bláberjalyng

## Þursaskeggsmói

E1 Þursaskegg

E2 Þursaskegg - smárunnar

## Graslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

## Hálfdeigja

T2 Hrossanál – starir - grös

T5 Grös – starir

T10 Hrossanál – grávíðir/loðvíðir

## Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R3 Önnur tún

## Mýri

U4 Mýrastör/stinnastör - klófífa

## Flói

V1 Gulstör

V2 Tjarnarstör

**Þekja**

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

**Ógróið land**

by Byggð

ey Þurrar áreyrar

fj Fjara

me Melar

n Náma

sk Skriða

Tafla 2. Listi yfir tegundir sem fundust við gróðurathugun í júlí 2007

	Staður Dagsetning Reitarnúmer	Borgarfjörður-Arnrfjörður 5.07 2008					Drangahlíð -Kjaransstaðir 2.07 2008				
		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
		Latneskt heiti	Íslenkst heiti								
Vaccinium myrtillus L.	Aðalbláberjalyng	x		x	x	x	x	x	x	x	
Lupinus nootkatensis Donn ex Sims	Alaskalúpína	x									
Luzula spicata (L.) DC.	Axhæra	x		x	x		x	x	x	x	x
Coeloglossum viride (L.) Hartman	Barnarót				x		x		x	x	
Betula pubescens Ehrh. ssp. Tortuosa	Birki	x	x	x	x		x	x		x	
Vaccinium uliginosum L.	Bláberjalyng	x		x	x	x	x	x	x	x	x
Picea engelmannii Parry ex Engelm.	Blágreni	x									
Mertensia maritima (L.) S.F.Gray	Blálilja	x		x							
Poa glauca Vahl	Blásveifgras	x				x	x				x
Carex canescens L.	Blátoppastör		x	x	x	x					
Festuca vivipara (L.) Sm.	Blávingull	x		x	x	x	x		x	x	x
Thymus praecox Opiz ssp. arcticus (E.Durand)											
Jalas	Blóðberg	x		x	x	x	x	x	x	x	x
Juncus triglumis L.	Blómsef			x						x	x
Ranunculus acris L.	Brennisóley	x	x	x	x	x		x		x	
Thalictrum alpinum L.	Brjóstagrass	x		x	x	x		x	x		x
Dactylorhiza maculata (L.) Soó	Brönugrös						x	x			
Rumex triangulivalvis (Danser) Rech. fil.	Bugðunjóli										
Avenella flexuosa (L.) Drejer	Bugðupuntur	x		x	x	x		x	x	x	x
Gentiana nivalis L.	Dýragras	x									
Comarum palustre L.	Engjarós		x	x	x		x	x			
Nardus stricta L.	Finnungur	x				x			x		
Veronica alpina L.	Fjalladepla						x			x	
Phleum alpinum L.	Fjallafoxgras		x	x	x	x	x	x			
Trisetum spicatum (L.) K. Richter	Lógresi	x									
Deschampsia alpina (L.) Roemer & Schultes	Fjallapuntur	x	x	x	x	x					x
Carex norvegica Retz.	Fjallastör								x		
Poa alpina L. var. Alpina	Fjallasveifgras								x		
Geum rivale L.	Fjaldalafífill				x						
Betula nana L.	Fjalldrapi	x		x	x	x	x		x	x	
Sedum villosum L.	Flagahnoðri	x				x		x		x	x
Platanthera hyperborea (L.) Lindley	Friggjargras	x			x						
Armeria maritima (Miller) Willd.	Geldingahnappur	x		x		x	x	x	x	x	
Myosotis arvensis (L.) Hill	Gleym mér ei	x			x						
Salix herbacea L.	Grasvíðir	x			x	x	x	x	x	x	x
Draba incana L.	Grávorbóm	x									
Potentilla crantzii (Crantz) G.Beck ex Fritsch	Gullmura	x		x	x	x	x	x	x	x	x
Galium verum L.	Gulmaðra	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Carex lyngbyei	Gulstör		x		x			x			
Salix phylicifolia L.	Gulvíðir		x	x	x	x		x			
Draba norvegica Gunn.	Hagavorblóm					x					
Stellaria media (L.) Vill.	Haugarfi	x	x	x	x						
Alopecurus pratensis L.	Háliðagrass	x			x	x		x			
Agrostis capillaris L.	Hálingresi	x	x	x	x	x		x			
Calamagrostis neglecta (Ehrh.) P.Gaertn.	Hálmgresi		x		x						
Veronica officinalis L.	Hárdepla				x						
Carex capillaris L.	Hárleggjastör				x						
Sedum acre L.	Helluhnoðri										x
Carex rariflora (Wahlenb.) Sm.	Hengistör		x	x	x	x					
Atriplex longipes Drejer ssp. praecox (Hülph.) Turesson	Hélublaðka				x						
Pseudorchis straminea (Fern) Soo ssp. straminea (Fernald)	Hjónagrass							x		x	
Dryas octopetala L.	Holtasóley	x			x	x	x	x	x	x	x
Silene uniflora Roth	Holurt				x	x	x		x		
Menyanthes trifoliata L.	Horblaðka				x	x					
Caltha palustris L.	Hófsóley		x	x	x						
Eriophorum scheuchzeri Hoppe	Hrafnaffía		x	x		x				x	

Cardamine pratensis L. ssp. angustifolia (Hook.) O.E. Schulz	Hrafnaklukka	x	x	x	x		x	x		x
Atriplex glabriuscula Edmonston	Hrímblaðka	x		x						
Juncus arcticus Willd. ssp. intermedius Hyl.	Hrossanál	x	x	x	x	x	x	x		x
Rumex crispus L.	Hrukkunjóli									
Rumex acetosella L.	Hundasúra	x		x						
Galium normanii O.C.Dahl	Hvítmaðra	x		x	x	x	x	x	x	x
Anthoxanthum odoratum L. ssp. odoratum	Ilmreyr	x	x	x	x		x	x	x	x
Erigeron borealis (Vierh.) Simmons	Jakobsfífill					x				
Plantago maritima L.	Kattartunga	x		x	x		x	x	x	x
Equisetum arvense L. ssp. arvense	Klóelfting						x			
Eriophorum angustifolium Honckeney	Klóffifa	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Alopecurus geniculatus L.	Knjáliðagras		x							
Bistorta vivipara (L.) Delarbre	Kornsúra	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Empetrum nigrum L. ssp. nigrum	Krækilyng	x		x	x	x	x	x	x	x
Silene acaulis (L.) Jacq.	Lambgras	x		x			x		x	x
Ranunculus reptans L.	Flagasóley					x				
Epilobium alsinifolium Vill.	Lindadúnurt	x	x		x	x	x	x	x	x
Diphasiastrum alpinum (L.) Holub	Litunarjafni						x		x	x
Alchemilla alpina L.	Ljónslappi	x		x	x	x	x	x	x	x
Viscaria alpina L.	Ljósberi	x								
Salix lanata L.	Loðvíðir	x	x	x	x	x		x	x	
Rhinanthus minor L. ssp. minor	Lokasjóður	x	x	x		x		x	x	
Hippuris vulgaris L.	Lófótur			x						
Pinguicula vulgaris L.	Lyfjagras	x		x	x	x	x	x	x	x
Lycopodium annotinum L.	Lyngjafni							x	x	x
Montia fontana L.	Lækjagrýta					x				
Alchemilla filicaulis Buser	Mariústakkur		x			x	x	x		
Arabidopsis petraea (L.)	Melablóm	x				x	x			
Papaver radicum Rottb.	Melasól			x			x			
Selaginella selaginoides (L.) P. Beauv. ex Schrank	Mosajafni			x						x
Harrimanella hypnoides (L.) Coville	Mosalýng	x								
Saxifraga hypnoides L.	Mosasteinbrjótur						x	x	x	
Juncus trifidus L.	Móasef	x		x	x	x	x	x	x	x
Sparganium hyperboreum Laest. ex Beurl.	Mógrafabrúsi			x		x				
Cerastium alpinum L. ssp. alpinum	Músareyra	x		x	x			x	x	x
Epilobium palustre L.	Mýradúnurt					x				
Trichophorum cespitosum (L.) Hartman	Mýrafinningur (mýraskúfur)	x		x		x	x			x
Triglochin palustris L.	Mýrasauðlaukur	x				x				
Juncus alpinoarticulatus Chaix ssp. alpestris (Hartm.) Haemet Ahti	Mýrasef			x		x				x
Carex nigra (L.) Reichard	Mýrastör	x	x	x		x	x	x	x	
Equisetum palustre L.	Mýrelfting		x	x	x	x	x			
Viola palustris L.	Mýrfjóra	x	x	x	x	x			x	x
Rumex longifolius DC. (Danser) Rech. f.	Njóli						x			
Oxyria digyna (L.) Hill	Ólafssúra	x		x	x	x	x	x	x	x
Hierochloe odorata (L.) Beauv.	Reyrgresi		x	x	x			x		x
Carex dioica L.	Sérbýlisstör	x	x		x	x	x			
Larix sibirica Ledeb.	Síberíulerki	x								
Puccinellia coarctata Fern & Weath	Sjávarfitjungur	x								
Sagina procumbens L.	Skammkrækil	x		x		x				
Leontodon autumnalis L.	Skariffífill	x	x	x	x	x	x	x	x	
Huperzia arctica (Grossh. ex Tolm.) Sipliv	Skollafingur									x
Agrostis stolonifera L.	Skriðlíngresi	x	x	x	x	x				
Arabis alpina L.	Skriðnablóm								x	
Carex vaginata Tausch	Slíðrastör			x	x	x			x	x
Bartsia alpina L.	Smjörgras				x			x	x	x
Deschampsia cespitosa (L.) P. Beauv.	Snarrótarpuntur	x	x	x	x	x		x	x	x
Saxifraga nivalis L.	Snæsteinbrjótur									x
Carex bigelowii Torrey ex Schweinitz ssp. rigida W. Schulze Motel	Stinnastör	x	x	x	x	x	x	x		x
Stellaria crassifolia Ehrh.	Stjörnuarfi	x								
Saxifraga stellaris L.	Stjörnusteinbrjótur	x		x		x	x	x	x	x
Tofieldia pusilla (Michx) Pers.	Sýkigras	x		x			x			x
Argentina anserina (L.) Rydb.	Tágamura	x		x	x	x		x		x
Carex rostrata Stokes	Tjarnarstör			x	x	x				
Ranunculus hyperboreus Rottb.	Trefjasóley					x				



Botrychium lunaria (L.) Sw.	Tungljurt	x						x			
Taraxacum officinale Weber	Túnfífill	x	x	x	x			x	x	x	x
Rumex acetosa L.ssp. acetosa	Túnsúra	x	x		x			x	x	x	x
Festuca rubra L. ssp. richardsonii (Hook.) Hultén	Túnvingull	x	x	x	x	x		x	x	x	x
Viola canina L. ssp. canina	Týsfjóra							x	x	x	
Agrostis vinealis Schreber	Týtulíngresi										x
Hieracium ssp	Undafífill							x	x	x	
Phleum pratense L.	Vallarfoxgras			x							
Poa pratensis L. ssp. irrigata (Sm.) Hiitonen	Vallarsveifgras	x	x	x	x	x		x	x	x	
Equisetum pratense Ehrh.	Vallelfting	x	x	x	x			x	x	x	x
Achillea millefolium L.	Vallhumall							x			
Luzula multiflora (Retz.) Lej.	Valhæra	x	x	x	x	x		x	x	x	x
Poa annua L.	Varpasveifgras			x		x				x	x
Cerastium fontanum Baumg.	Vegarfi	x	x	x	x	x		x	x	x	x
Saxifraga oppositifolia L.	Vetrarblóm									x	
Gymnocarpium dryopteris (L.) Newman	Þrílaufungur							x			x
Kobresia myosuroides (Vill.) Fiori	Þursaskegg							x		x	x
Saxifraga cespitosa L.	Þúfusteibrjótur										x